

LÖG

um
vörutoll.

54
15. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 3. gr. laga dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, höfum látið innfæra í texta laga nr. 38, 27. júní 1921 um breytingar þær, sem gerðar eru á nefndum lögum samkvæmt fyrstnefndum lögum og lögum nr. 32, 27. júní 1925, látið raða upptalningunum í 1. gr. 1. og 1. gr. 2. eftir staf-rófsröð, og gefum þau hjermeð út í einu lagi sem lög um vörutoll.

1. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða gjald í ríkissjóð, eftir þyngd vörunnar með umbúðum eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af asfalti, bensíni, blaefernis, eldföstum leir, gólf- og veggjaplötum, steypum eða brendum, hefilspónum, hverfisteinum, jarðeplum, kalki, karbít, krít, kvarnasteinum, leir, netakúlum, sagi, sementi, sóða, tjöru, tómum flöskum og þakhellum, 30 au. af hverjum 50 kg.
2. Af akkerisfestum (hlekkjafestum), akkerisvindum, akkerum, baðmullarfræsolíu (cottonseedoil), barkalit, bátsuglum (Davider), bifvjelum (mótorum) heilum og í hlutum, bjarghringum, björgunarbeltum, blásteini, blikki, blýi, blýlóðum, botnrúllum, botnrúllukeðjum, botnvörpuhlerum og efni í þá, brýnum, eldavjelum, feitarsýrum (fatacit) til sápugetar, fiskfóðurmjöli, færum, garni til fiskumbúða, gipsi, girðinganetum, girðingastólpum úr járn, girðingavír, glaubersalti, gluggagleri, gólfbræðingi (Linotol) og gólfdukkum (Linoleum), hampi, herfum, hitunartækjum, hjólásum, hjólklofum (blökkum), hjólum, húsapappa allskonar, jarðhnetuolíu (groundnutoil), járnbitum, járnbrautarteinum, járngirði, járnþípum, kerrum, kjötfóðurmjöli, kokolit, kokosfeiti (cocosnutoil), korki, kvíslum, köðlum allskonar, körfum til uppskipunar, lausum umbúðum, lóðarbelgjum, lóðarvindum, melasse, melassemjöli, mómylsnu, netagarni, netum, olúfatnaði, olúfóðurkökum, olíum í tunnum og dunkum, öðrum en steinolíu og bensíni,

54
15. júní

- plógum, rafmagnsvökum, saum, segldúk, skilvindum og öðrum smjörgerð-artækjum og ostagerðar, skipaskrúfum (úr járn), skóflum, sláttuvjelum og öðrum heyvinslutækjum, smíðajárni, spöðum og öðrum jarðyrkjuáhöldum, stáli, steinmulningi, striga, strigaábreiðum (Presenninger), stýriskeðjum, söltuðum húðum, tilbúnunum seglum, tini, togvindum (trawlwinch), tómun pokum, tómunum tunnnum og tunnuhlutum, nema síldartunnnum og kjöttunnnum og tilsniðnu efni í þær, tvistúrgangi, vatnshreyfivjelum, veiðarfæralásam allskonar, virkðilum, vírtrossum, vjelaáburði, vögnum, þakjárn, önglum, öngultaumum, 1. kr. af hverjum 50 kg.
3. Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en ólíufatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður), tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, 1 kr. 80 aur. af hverjum 10 kg.
 4. Af salti og kolum, hverskonar sem eru og hvort sem varan er flutt á land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip, þeim til notkunar:
 - a. Af salti 1 kr. af hverri smálest.
 - b. Af kolum 1 kr. af hverri smálest.
 - c. Af steinolíu 15 aura af hverjum 50 kg.
 5. Af allskonar trjávið, hurðum gluggum, þakspæni, trjespæni (Finer) og húsalistum 9 aurar af hverju teningsfeti.
 6. Af allskonar leikföngum, allskonar munum, sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts, úr hvaða efni sem þeir eru, plettvarningi og munum, sem að meiri hluta efnis að verði til eru úr gulli, silfri, platinu eða gimsteinum, 1 kr. af hverju kg.
 7. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 60 aur. af hverjum 10 kg. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaksta.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, ósmíðað gull og silfur, skip, bátar, tígulsteinar, eldfastir steinar, baðlyf, óhreinsað járn í klumpum, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna, pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld, steinlímspípur, leirpípur, sandur og endursendar fiskumbúðir, síldartunnur, kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á meðal gjarðaeefni, ennfremur kornvörur, auk þess eru undanþegnar allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum, sem þær voru sendar í burtu, enda sje gjaldheimtumanni ríkissjóðs, þar sem heimsend vara er sett á land, afhent vottorð frá tollgæslustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sje íslensk vara. Notaðir munir, er sendir hafa verið til aðgerðar, eru og undanskildir vörutolli.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept

2. gr.

54

15. júní

Greiða skal og í ríkissjóð gjald af pósthöggjum, er til landsins flytjast, 1 kr. fyrir hvert heilt kg., nema móttakandi sanni, hvert innihald þeirra sje, og skal þá greiða gjald af þeim samkvæmt ákvæðum 1. greinar. Lágmarksgjald sje þó 1 kr.

Gjald þetta greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir böggulinn, líma þau á hann og stimpla þau á venjulegan hátt. Eru frímerkin úr því, í þessu tilfelli eins og öðrum, eign viðtakanda. Af pósthöggjum, sem endursendir eru til útlanda, skal ekkert gjald greiða.

Heimilt er póstafréttumönnum að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, að viðtakanda ásjáanda eða umboðsmanni hans, um leið og þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að eigi sje rjett frá skýrt um innihald þeirra.

3. gr.

Nú kemur það í ljós, að vörutollur sá, er ræðir um í 6. eða 7. lið 1. gr. verður að teljast svo hár að eigi sje sanngjarnt hlutfall milli hans og útsöluverðs vörunnar, og er stjórnarráðinu þá heimilt að færa niður tollinn, ef þess er óskað. Tollinn má þó aldrei færa lengra niður en svo, að hann sje eins og segir í 2. lið 1. gr.

Stjórnarráðið skal um hver áramót birta í B-deild Stjórnartíðindanna skrá um ívilnanir þær, sem á næsta ári á undan hafa verið veittar samkvæmt þessari gr.

4. gr.

Vörutollinn skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún, samkvæmt farmskrá skipsins, eigi að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Gjald þetta greiðist með peningum eða með ávísun, stílaðri á borgun við sýningu á banka eða aðrar peningastofnanir eða áreiðanleg versunarhús, ef nægileg skilríki, þau er innheimtumáður tekur gild á sína ábyrgð, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Vörutoll skal ákveða eftir farmskrá skipsins eða farmskírteini.

5. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra eða umboðsmanni hans öllum skjölum er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra upp á æru og samvisku um það, að eigi sje í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá, að ætlaðar sjeu skipinu sjálfu, skip-

54 15. júní verjum eða farþegum til neyslu í því. Sje uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrir mælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um alt að 1000 kr.

6. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyrir en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrir mæli varðar sektum, alt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörur verið afhentar viðtakanda án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hafi fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er ekki þegar greitt. Vörotollurinn fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

7. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samviskuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þess konar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í brjefi til viðtakanda.

8. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í tveimur samhljóða samritum, og auk þess samhljóða útdráttir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Svo skal á farmskránni tilgreina þyngd á öllum vörotegundum og hverri um sig, nema trjávið, trjegluggum, hurðum og húsalistum, sem tilfært skal á farmskránni eftir tölu teningsfeta. Annað eintakið af aðalfarmskránni afhendist lögreglustjóra á þeirri höfn, þar sem skipið fyrst hafnar sig. Lögreglustjóri skal síðan senda stjórnarráðinu samritið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en útdráttina úr aðalfarmskránni skal afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörurnar samkvæmt þeim eiga að affermast, og skulu þeir síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum innheimtumanni.

Sje ógreinilega sagt frá um gjaldskyldar vörur í farmskránni, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða ef ástæða þykir til að rengja, að rjett sje skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði, ef skýrslurnar reynast rjettar,

en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaðurinn á skipstjóra, eða, ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

Það varðar skipstjóra sektum, alt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja eigi skipi, samdar eins og hjer er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær lög-reglustjóra eða umboðsmanni hans.

54

15 júní

9. gr.

Nú verður maður uppvis að því að hafa vanrækt að skýra innheimtu-manni, áður lögmahtur frestur sje liðinn, frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða að því að hafa sagt rangt til um slíkar vörur, án þess að yfirlýsingin sje gefin á þann hátt, er í 155. gr. almennra hegningarlaga, 25. júní 1869, segir, og skal hann þá sæta frá 50—1000 króna sektum.

Nú hefir maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þann-ig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 100 króna.

Ennfremur skal jafnan, auk refsingar, greiddur þrefaldur tollur af vörum þeim, er undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirrar refsingar, er í 1. og 2. málsgrein segir, skal sá, er þrisvar hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við þriðja brot, og ef miklar sakir eru, dæmdur til þess að hafa fyrirgert leyfi til verslunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja, getur hann þó fengið slíkt leyfi aftur, enda hafi hann eigi á þeim tíma orðið sekur af nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá, er eigi hefir slík leyfi, er hann verður brot-legur, getur eigi fengið þau fyr en að sama tíma liðnum.

Við ákvörðun sektanna skal taka sjerstakt tillit til þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að atla, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slík-um skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

10. gr.

Hinar aðfluttu, gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum, og hefir eigandi eigi rjett til að ráða yfir þeim fyr en búíð er að greiða gjöld þessi. Veðrjetturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtak-anda. Sjeu ekki skil gerð samkv. 6. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vör-urnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir vörutolli og sektum í öðrum eigum viðtakanda og selja hið lögtækna á sama hátt og að fram-an greinir um hina gjaldskyldu vöru.

54

15. júní

11. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýttst eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverjum hætti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farnskráin telji meira en viðtakandi fær.

Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiða fyrirfram af uppboðsandvirðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið alt í ríkissjóð, að kostnaði frádregnum.

12 gr.

Nú er gjaldskyld vara, er vörutollur hefir verið greiddur af, flutt úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá lögreglustjóra skírteini þar að lútandi. Ef hann síðan skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sje þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn, að frádregnum innheimtulaunum.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lög-reglumál. Þó sæta brot gegn 2. málsgrein 9. gr. sakamálsmeðferð.

14. gr.

Sektir allar eftir 5., 6. og 7. gr. renna í ríkissjóð. Hið sama er um sektir eftir 8. og 9. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að sök komist upp, og fær hann þá helming sekta.

15. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar kunna að verða um opinber reikningsskil.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan 1927.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon